

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1188/2014,
um endurgreiðslu á virðisaukaskatt til aðila búsettra erlendis.**

1. gr.

Í stað 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Endurgreiðsla skal að lágmarki vera í samræmi við fjárhæðir og viðmið sem birt eru í fylgiskjali með reglugerð þessari. Sama gildir ef vörusala á sama sölureikningi ber bæði 24% og 11% virðisaukaskatt.

2. gr.

Í stað orðanna „Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna“ í A-lið fylgiskjals reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 24% virðisaukaskatt og söluþjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 6.000 skal endurgreiða 13% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum fimm tugum króna.

3. gr.

Í stað orðanna „Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna“ í B-lið fylgiskjals reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 11% virðisaukaskatt og söluþjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 6.000 skal endurgreiða 6% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum fimm tugum króna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 29. janúar 2015.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Benedikt S. Benediktsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2015